



Krabbameinsfélagið Vísindasjóður

Skýrsla stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands um starfsárið 2024

Inngangur: Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands var stofnaður 16. desember 2015 af Krabbameinsfélagi Íslands og aðildarfélögum þess auk þess sem inn í sjóðinn runnu Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna og Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson. Heildarstofnfé sjóðsins var 254,6 milljónir króna.

Tilgangur: Samkvæmt stofnskrá er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum, m.a. með því að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga.

Stjórn: Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skipa sjö einstaklingar, tilnefndir til þriggja ára í senn af stjórn Krabbameinsfélags Íslands, og tveir til vara.

Í stjórn sjóðsins árið 2024 sátu Magnús Karl Magnússon, formaður, Ásgerður Sverrisdóttir, varaformaður, Birna Þórisdóttir, Helgi Sigurðsson, Þorsteinn Víglundsson og Vilhjálmur Bjarnason, Freyja Birgisdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir. Kristín Einarsdóttir kom ný inn í stjórn sem varamaður.

Fundir: Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu 2024, 25. janúar, 2. maí, 8. maí og 16. maí

Á janúarfundi tekur Magnús, nýr formaður, til starfa. Farið var yfir starfsárið fram undan.

Á fyrsta maífundinum var farið yfir umsóknir í sérstaka stærri úthlutun og gefnar einkannir. Frekari umræða heldur áfram á næsta fundi.

Á öðrum maífundinum var nýr varamaður, Kristín Einarsdóttir boðin velkomin til starfa. Formaður Vísindaráðs kynnti einkunnir og umsagnir ráðsins á umsóknum í almenna úthlutun. Umræða um sérstaka stærri úthlutun einnig tekin upp. Fjármálastjóri KÍ kom inn á fund og kynnti ársreikningin

Á þriðja maífundinum var breyting á eignastefnu Vísindasjóðs samþykkt. Styrkúthlutun Vísindasjóðs, sérstakrar stærri úthlutunar og Rynkeby-SKB ákveðin. Ársskýrsla Vísindasjóðs send í tölvupósti til samþykkis.

Opnir fundir: Stjórnin boðaði til tveggja opinna funda, í maí þar sem styrkveitingar ársins voru kynntar og til fræðslufundar í september með Krabbameinsfélaginu.

Fjármál: Ársreikningur sjóðsins, dags. af endurskoðanda 8. júní 2024 var staðfestur og undirritaður af stjórn sjóðsins 8. júní 2024. Starfsmenn Krabbameinsfélags Íslands annast fjárhagslega umsýslu sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu hans.

Styrkumsóknir: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins skal stjórn sjóðsins auglýsa eftir umsóknum um styrki í byrjun febrúar ár hvert og annast styrkveitingar úr sjóðnum að fenginni umsögn Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands. Hlutverk Vísindaráðsins er að leggja mat á gæði umsókna, færni rannsakenda o.fl. samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum sjóðsstjórnar. Í samræmi við þetta var þann 7. febrúar auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Alls bárust 23 umsóknir að upphæð 157,2 milljónir króna. Vísindaráð Krabbameinsfélagsins fór yfir umsóknirnar og ritaði umsögn um hverja umsókn. Stjórn Vísindasjóðsins fór í kjölfarið yfir allar umsóknir, umsagnir og tillögur Vísindaráðsins og tók ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum á fundi sínum 16. maí 2024

Í sérstaka stærri úthlutun bárust fimm umsóknir að upphæð 76,8 milljónum króna.

Úthlutun styrkja: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins hefur sjóðsstjórn árlega til ráðstöfunar tekjur sjóðsins á liðnu starfsári auk þess sem sjóðsstjórn er heimilt að verja allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga. Þeir fjármunir sem ekki eru nýttir til styrkveitinga eru lausir til ráðstöfunar næsta ár. Höfuðstóll laus til styrkveitinga í árslok 2023 var 125,5 milljónir króna.

Að fenginni umsögn Vísindaráðsins og í kjölfar mats á fyrirliggjandi umsóknum var ákveðið að styrkja átta nýjar rannsóknir og veita fjórum rannsóknum framhaldsstyrki í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins. Niðurstaða stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins var að úthluta 66,9 milljónum króna til þessara tólf rannsóknarverkefna.

Auk þess voru úr sérstakri stærri úthlutun veittar 40 milljónir til þriggja verkefna.

Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð 8, Reykjavík, þann 30. maí.

Við úthlutunina gerðu Magnús Karl Magnússon, formaður stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins, og Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, mikilvægi sjóðsins að umtalsefni. Vísindamenn hafa lýst stofnun sjóðsins sem byltingu í krabbameinsrannsóknum hér á landi. Magnús Karl Magnússon afhenti styrkþegum sjóðsins styrki og óskaði þeim velfarnaðar í sínum störfum. Gréta Ingbórsdóttir, framkvæmdastjóri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, afhenti styrki úr Rynkeby-sjóðnum.

Kynningarmál: Ekki var fjallað sérstaklega um Vísindasjóð í fjölmiðlum.

Málþing: Krabbameinsfélagið ásamt Vísindasjóði bauð til árlegs málþings í tilefni af alþjóðadegi krabbameinsrannsókna, sem haldið var í húsi Krabbameinsfélagsins þann 24. september. Fyrirkomulagið í ár var þannig að byrjað var á málþingi þar sem fjallað var um mikilvægi sjóðsins, sagt frá rannsóknum sem hlotið hafa styrki. Síðan var haldið upp á fjórðu hæð þar sem vísindamenn voru með veggspjaldakynningar á rannsóknum sínum og gestum vorum boðnar léttar veitingar.

Styrkþegar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins 2024:

Berglind Eva Benediktsdóttir hlýtur 5.300.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Sækni og formúlering sérhannaðra utanfrumubóla í EGFR1 jákvæðar brjóstakrabbameinsfrumur.

Gunnhildur Ásta Traustadóttir hlýtur 2.200.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Virkjun ónæmiskerfisins gegn krabbameini.

Heiðdís B Valdimarsdóttir hlýtur 5.100.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Áhrif örvandi dægurbundis ljóss á dægursveiflur, bólgumyndun og sjúkdómsbyrði meðal nýgreindra brjóstakrabbameinssjúklinga.

Helgi Birgisson hlýtur 4.000.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Áhrif ristilspeglana á greiningu sepa og krabbameina í ristli og endaparmi.

Jens G. Hjörleifsson hlýtur 7.000.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Þróun á hriflæmum sykurofshindrum gegn krabbameini.

Krishna Kumar Damodaran hlýtur 2.900.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Þróun lífrænna rhodium (III) sambanda sem krabbameinslyf með aukið frumuaðgengi byggt á leysanleika og amínósýruferjum.

Kristinn Ragnar Óskarsson hlýtur 8.300.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Áhrif krabbameinsvaldandi stökkbreytinga á byggingu, virkni og hreyfanleika umritunarþáttarins FOXA1.

Margrét Helga Ögmundsdóttir hlýtur 10.000.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Hlutverk ATG7 í samspili uppbyggingar og niðurbrots í krabbameinsfrumum.

Sigurdís Haraldsdóttir hlýtur 2.900.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Tengsl erfðabreytileika við tilkomu aukaverkana af völdum 5-FU og capecitabine lyfjameðferðar.

Sigurður Yngvi Kristinsson hlýtur 10.000.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Einkennavaldandi einstofna mótefnahækkun: Faraldsfræði og þróun greiningaraðferða.

Stefán Sigurðsson hlýtur 6.400.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Slæmar horfur estrógen jákvæðra BRCA2 arfbera með brjóstakrabbamein.

Tómas Guðbjartsson hlýtur 2.800.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Nýjungar í skurðmeðferð lungnakrabbameins á Íslandi.

Styrkþegar Vísindasjóðs úr sérstakri stærri úthlutun til rannsókna á krabbameinum hjá börnum og umönnunar barna með krabbamein:

- Ólafur Gísli Jónsson hlýtur 16.000.000 kr. styrk fyrir: Gagnagrunnsrannsókn á börnum á Íslandi sem greinst hafa með krabbamein.
- Ragnar Bjarnason hlýtur 16.000.000 kr. styrk fyrir: Varðveisla frjósemi hjá stúlkum sem fá krabbameinsmeðferð á barns- eða unglingsaldri.
- Valtýr Stefánsson Thors hlýtur 8.000.000 kr. styrk fyrir: Eru tengsl milli truflunar á örveruflóru barna og alvarlegra sýkinga á meðan krabbameinslyfjameðferð stendur?

Lokaorð:

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins er ein af grunnstoðum krabbameinsrannsókna á Íslandi. Sjóðurinn var stofnaður í lok árs 2015 og hefur því starfað í áratug. Tilgangur sjóðsins samkvæmt reglum hans er að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum, m.a. með því

að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga. Forsenda þessa er að sjóðurinn efli vísindarannsóknir er faglegur metnaður þar sem lögð er áhersla á styrkja einungis rannsóknir sem eru vísindalega vel ígrundaðar og að hvetja til rannsókna á öllum þeim sviðum sem sjóðurinn vill styrkja. Ein af forsendum faglegra starfa sjóðsins er mjög vel skipað Vísindaráð sem nú er stýrt af Þórunni Rafnar. Vísindaráðið er skipað af vísindafólki af flestum fræðasviðum sem tengjast krabbameinsrannsóknum og hefur meðal annars á að skipa íslenskum vísindamönnum sem hafa starfað við virtar stofnanir erlendis í áratugi.

Starf sjóðsins byggir á velvild og fjárhagslegum stuðningi Krabbameinsfélagsins og hefur félagið verið einstakur bakhjarl og ber að þakka þeim. Einnig hafa komið til framlög frá almenningi og ber þar sérstaklega að nefna veglegar erfðagjafir. Það hvílir því mikil ábyrgð á Vísindasjóðnum að standa undir þeirri ábyrgð að tilgangi sjóðsins verði framfylgt. Stjórn sjóðsins þakkar öllum þeim sem hafa gert sjóðnum kleift að styðja við uppbyggingu og framgang krabbameinsrannsókna á Íslandi.

Magnús Karl Magnússon, formaður stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands